

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög (kennitöluflakk), 38. mál.

Þann 16. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) við ofangreint frumvarp. Tilgangur frumvarpsins er að reyna að draga úr kennitöluflakki.

Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 að stofnendur, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félaga megi ekki á næstliðnum þremur árum hafa verið í forsvari fyrir tvö eða fleiri félög sem orðið hafa gjaldþrota. Þannig sé um hæfisskilyrði að ræða sem einstaklingar sem ætla að stofna fyrirtæki, gerast stjórnarmenn eða eru ráðnir sem framkvæmdastjórar þurfa að uppfylla.

Félagsmenn FA hafa ekki farið varhluta af þeirri meinsemd sem kennitöluflakk er í íslensku viðskiptalífi og fagnar félagið því að reynt sé að leita leiða til að koma í veg fyrir það. Það er þó mat félagsins að þær breytingartillögur sem frumvarpið kveður á um kunni að draga úr heilbrigðri áhættutöku við stofnun fyrirtækja og fæli fólk frá því að taka að sér stöðu stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Tillagan geri engan greinarmun á þætti þartilgreindra aðila í gjaldþroti félags.

Sem dæmi má nefna stjórnarmann í tveimur félögum, einu sem fer í þrot af eðlilegum ástæðum og öðru sem fer í þrot vegna óhóflegrar skuldsetningar meirihluta stjórnar þar sem hann hefur lagst gegn skuldsetningunni. Þá kunna utankomandi óviðráðanlegar ástæður að stuðla að gjaldþrotum fyrirtækja líkt og gerðist í efnahagshruninu en ekki er óalgengt að einstaklingar sitji í stjórnnum tveggja fyrirtækja. Við slíkar aðstæður væri það ekki vænlegt að einstaklingar sem hafa reynt og þekkingu á rekstri fyrirtækja hefðu ekki kost á að stofna fyrirtæki á nýjum grunni, gegna stjórnarsetu eða starfa sem framkvæmdastjórar.

Er það mat félagsins að breytingartillaga frumvarpsins takmarki rétt manna til að stofna félög, sitja í stjórnnum eða gegna starfi framkvæmdastjóra með of almennum hætti. Til að vinna gegn kennitöluflakki án þess að skaða viðskiptalífið sé það farsælli leið að veita ríkisskattstjóra auknar valdheimildir til beitingar í tilvikum þar sem embættið hefur metið að um kennitöluflakk sé að ræða. Slíkar heimildir þurfa þó að vera sértækar. Í þessu sambandi mætti einnig leggja sérstaka áherslu á skyldur skiptastjóra þrotabúa til að tilkynna grun um kennitöluflakk um leið og grunur kemur upp.

FA vill í tengslum við framangreint ítreka sjónarmið félagsins um þörf á breytingu á 36. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 en ákvæðið kemur í veg fyrir að fyrirtæki geti stofnað söluveð í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Þetta er brýnt hagsmunamál innflytjenda og heildsala, sem verða oft fyrir verulegu tjóni við gjaldþrot fyrirtækja vegna þess að eignarhald þeirra á vörum, sem hafa verið afhentar en ekki greiddar, er ekki tryggt. Tjón fyrirtækjanna er iðulega

hlutfallslega stórt samanborið við tjón stærri kröfuhafa og kann að hafa áhrif á fjöldann allan af smærri fyrirtækjum með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur FA